

Staða erfðabreyttra matvæla

Þegar umræðan berst að erfðabreyttum matvælum vakna spurningar eins og: „Borðum við gen?“ „Eru erfðabreytt matvæli á markaði á Íslandi?“ „Flytjast gen úr erfðabreyttri fæðu í menn?“ „Eru erfðabreytt matvæli örugg til neyslu?“ „Þarf að merkja erfðabreytt matvæli?“ „Eru afurðir dýra sem alin eru á erfðabreyttu fóðri erfðabreyttar?“

Ekki eru allir á eitt sáttir um áhrif erfðabreyttra matvæla og spurningarnar sem við stöndum frammi fyrir varðandi öryggi og hollustu þessara matvæla eru ekki alltaf einfaldar. Hins vegar mætti ætla að erfðabreytt matvæli sem leyfð eru til markaðssetningar í Evrópusambandinu séu örugg því matvælin eru ekki sett á markað nema að undangengnu ströngu áhættumati sem framkvæmt er af Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

Sá algengi misskilningur á sér stað meðal neytenda að þeir vilja ekki borða gen og vilja því ekki neyta erfðabreyttra afurða. Allar lífverur innihalda mörg þúsund gen og í hvert sinn sem við borðum matvæli borðum við gen. Erfðaefni flyst ekki úr mat yfir í erfðamengi fólks sem neytir matvæla. Þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða erfðaefni úr erfðabreyttri lífveru eður ei. Erfðaefni úr erfðabreyttum lífverum er brotið niður í melting-



Reuters

Kálakur „Öruggt má teljast að erfðabreytt matvæli séu á markaði héraendis, því mörg lönd krefjast ekki merkinga á þessum matvælum,“ segir meðal annars í þessum pistli um stöðu erfðabreyttra matvæla.

arveginum á sama hátt og annað erfðaefni og er ekki að finna í afurðum (t.d. mjólk og kjöti) dýra s.s. kjúklinga, svína, nautgripa eða fugla sem alin eru á erfðabreyttu fóðri eins og kemur m.a. fram í ályktun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

Öruggt má teljast að erfðabreytt matvæli séu á markaði hérlendis, því mörg lönd krefjast ekki merkinga á þessum matvælum. Sem dæmi má nefna Bandaríkin en þar eru erfðabreytt matvæli álitin jafngild þeim sem ekki eru erfðabreytt og gera má ráð fyrir að hluti sojabauna, maíss, repju og sykurreys sem hingað kemur frá Bandaríkjunum sé erfðabreyttur. Frá og með 1. september nk. verða þessi matvæli hins vegar að uppfylla skilyrði um merkingar erfðabreyttra matvæla sem sett eru í nýrri reglugerð um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fóðurs.

Matvælastofnun (MAST) heldur fræðslufund um erfðabreytt matvæli og nýjar reglur þriðjudaginn 22. febrúar kl. 15.00-16.00. Fundurinn verður haldinn í umdæmisskrifstofu MAST í Reykjavík, Stórhöfða 23.

Helga M. Pálsdóttir, matvælafræðingur hjá Matvælastofnun.